

Knattspyrnufélag ÍA

Ársskýrsla 2024





Almennt

Árið 2024 reyndist okkur Skagamönnum gott og einkenndist það af góðum árangri og mikilli uppbyggingu á innra starfi fótboltans. Starfsemi Knattspyrnufélags ÍA er mikil og öflug og reksturinn heilbrigður og sjálfbær. Lögð hefur verið áhersla á að hlúa vel að starfsmönnum félagsins og búa þeim gott vinnuumhverfi. Sérstaklega hefur verið fjárfest í uppbyggingu og innviðum yngri flokka félagsins. Uppeldisstarfið er í raun kjarninn í starfseminni og hjá félaginu starfa nú fjöldi hæfra og vel menntaðra þjálfara. Stefnt hefur verið að því að uppeldisstarfið sé í fremstu röð á landinu.

Iðkendum hjá félaginu er að fjölga. Árið 2024 voru um 650 iðkendur en við viljum gera enn betur í því að fjölga þeim og þá sérstaklega kvenna megin. Í dag æfa um 40% af öllum strákum á Akranesi fótbolta hjá ÍA og rúmlega 20% af stelpum. Átak verður gert í því að fá fleiri stúlkur til æfinga.

Árangur meistaraflokka félagsins á árinu var góður. Meistaraflokkur karla endaði í 5.sæti Bestu deildar karla sumarið 2024. Meistaraflokkur kvenna hafnaði í 5.sæti í Lengjudeild kvenna sumarið 2024. Jón Þór Hauksson var áfram þjálfari mfl. karla og leiddi liðið áfram með sínu öflugra teymi, en hann tók við liðinu í byrjun árs 2022. Skarphéðinn Magnússon tók við liði mfl. kvenna á haustmánuðum 2023 og var á sínu fyrsta tímabili með liðið í sumar.

Það er kostnaðarsamt að reka íþróttafélag í dag og miklar kröfur eru gerðar til þess að starfið sé öflugt og faglegt á allan hátt. Til þess að endar nái saman er nauðsynlegt að eiga góða styrktaraðila, sem er annt um félagið. Þessum styrktaraðilum þökkum við fyrir frábæran stuðning.

Stuðningsmenn KFÍA eru gífurlega mikilvægir og hafa þeir margoft sýnt að þeir geta gert gæfumuninn. Félagið þarf að halda vel utan um stuðningsmennina og búa til umgjörð og vettvang til þess að það sé eftirsóknarvert að mæta á völlinn og hvetja liðin okkar. Að því verður áfram unnið.

Félagið vill þakka starfsfólki, þjálfurum, sjúkraliði, liðsstjórum, leikmönnum og dómurum fyrir ómetanlegt starf fyrir félagið. Síðast en ekki síst þökkum við öllum þeim sjálfbóðaliðum sem vinna öflugt og óeigingjarnt starf fyrir félagið, án þeirra væri ómögulegt að reka félagið.



Starfsmannamál

Á skrifstofu Knattspyrnufélags ÍA var ráðinn nýr framkvæmdastjóri í lok árs 2024, Ingimar Elí Hlynsson, eftir að Eyjólfur Vilberg Gunnarsson lét af störfum. Páll Guðmundur Ásgeirsson starfar sem skrifstofustjóri hjá félaginu. Sverrir Mar Smáráson var ráðinn sölu- og markaðsstjóri félagsins og mun leiða vinnu við að efla tengsl félagsins við styrktaraðila og stuðningsmenn. Aron Ýmir Pétursson tók við sem yfirþjálfari yngri flokka félagsins. Félagið fór í ráðningar á þjálfurum í sérhæfð störf innan félagsins og má þar nefna styrktarþjálfara karla og kvenna, afreksþjálfara og sjúkráþjálfara í fullt starf. Alls störfuðu á þriðja tug þjálfara hjá félaginu á árinu 2024 að aðstoðarþjálfurum yngri flokka meðtöldum.

Stjórn og Barna- og unglingaráð

Stjórn Knattspyrnufélags ÍA hélt 12 fundi á starfsárinu. Eftir aðalfund í febrúar 2024 og verkskiptingu var stjórn félagsins þannig skipuð fram að aðalfundi í nóvember 2024 (innan sviga hvenær síðast kjörin/n):

- 1 Eggert Herbertsson (2023), formaður,
- 2 Linda Dagmar Hallfreðsdóttir (febrúar, 2024), varaformaður,
- 3 Ingimar Elí Hlynsson (febrúar, 2024), formaður Barna- og unglingaráðs,
- 4 Lilja Gunnarsdóttir (2023), ritari,
- 5 Lára Dóra Valdimarsdóttir (2023),
- 6 Ellert Jón Björnsson (febrúar, 2024),
- 7 Jóhannes Smáráson (febrúar, 2024),
- 8 Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir (febrúar, 2024),
- 9 Sturlaugur Haraldsson (febrúar, 2024)

Í framkvæmdastjórn sátu Eggert Herbertsson, Linda Dagmar Hallfreðsdóttir og Sturlaugur Haraldsson.

Stjórn Knattspyrnufélags ÍA var kosin að nýju á aðalfundi þann 13.nóvember 2024 (innan sviga hvenær síðast kjörin/n)

- 1 Eggert Herbertsson (nóvember, 2024), formaður,
- 2 Linda Dagmar Hallfreðsdóttir (nóvember, 2024), varaformaður,
- 3 Anna María Þórðardóttir (nóvember, 2024), formaður Barna- og unglingaráðs,
- 4 Lilja Gunnarsdóttir (nóvember, 2024), ritari,
- 5 Lára Dóra Valdimarsdóttir (nóvember, 2024),
- 6 Ellert Jón Björnsson (febrúar, 2024),
- 7 Jóhannes Smáráson (febrúar, 2024),
- 8 Sturlaugur Haraldsson (febrúar, 2024),
- 9 Ármann Smári Björnsson (nóvember, 2024)

Í framkvæmdastjórn sitja Eggert Herbertsson, Linda Dagmar Hallfreðsdóttir og Sturlaugur Haraldsson



Ársskýrsla Knattspyrnufélags ÍA 2024

Stjórn skipaði eftirtalda í meistaraflokksráð, sem eru enn starfandi:

Meistaraflokksráð karla

- Reynir Leósson, formaður, Ragnar Þór Gunnarsson, Eggert Herbertsson

Meistaraflokksráð kvenna

- Jóhannes Smárason, formaður, Lára Dóra Valdimarsdóttir, Svava Rós Guðmundsdóttir (janúar 2025)

Barna-og-unglingaráð hélt 10 fundi á starfsárinu. Í ráðið var kosið á aðalfundi í febrúar 2024 (innan sviga hvenær síðast kjörin/n):

- 1 Ingimar Elí Hlynsson (febrúar, 2024), formaður,
- 2 Arna Björk Ómarsdóttir (febrúar, 2024), ritari,
- 3 Anna María Þórðardóttir (febrúar, 2024),
- 4 Aðalheiður Rósa Harðardóttir (febrúar, 2024),
- 5 Andri Lindberg Karvelsson (2023),
- 6 Ívar Orri Kristjánsson (2023),
- 7 Örn Arnarson (2023)


Barna- og unglingaráð var kosið á aðalfundi í nóvember 2024 (innan sviga hvenær síðast kjörin/n):

- 1 Anna María Þórðardóttir (nóvember, 2024), formaður,
- 2 Arna Björk Ómarsdóttir (febrúar, 2024), ritari,
- 3 Örn Arnarson (2023),
- 4 Aðalheiður Rósa Harðardóttir (febrúar, 2024),
- 5 Eggert Kári Karlsson (nóvember, 2024),
- 6 Aldís Ylfa Heimisdóttir (nóvember, 2024),
- 7 Ólafur Valur Valdimarsson (nóvember, 2024)

Á aðalfundi í febrúar 2024 var kjörnefnd skipuð þeim Margréti Ákadóttir formanni, Þórði Guðjónssyni og Halli Flosasyni.

Skipurit Knattspyrnufélag ÍA

Janúar 2021





Fjármál og rekstur

Tap var á hefðbundinni starfsemi í rekstri Knattspyrnufélags ÍA á starfsárinu sem nam rúmum 34 m.kr. Með tekjum af samningum vegna sölu leikmanna varð hins vegar jákvæð niðurstaða á rekstrinum sem nam 56 m.kr. Rekstrartekjur af hefðbundinni starfsemi voru rúmar 367 milljónir króna (2023: 285 m.kr.) en rekstrargjöld rúmlega 401 milljónir króna (2023: 298 m.kr.). Hagnaður vegna samninga um sölu á leikmönnum var um 81 milljónir kr. (2023: 97 m.kr.) sem skilar sér eins og áður sagði í jákvæðri niðurstöðu ársins upp á 56 m.kr. að teknu tilliti til fjármagnsliða.

Starf yngri flokkanna

Starf yngri flokkanna gekk heilt yfir mjög vel á árinu 2024. Knattspyrnufélag ÍA tók þátt í öllum mótum á vegum KSÍ auk Faxaflóamóta. Félagið tók þátt í Norðurálsmóttinu, Orkumóttinu og TM móttinu í Eyjum, N1 móttinu á Akureyri, Síamóttinu í Kópavogi, Rey Cup, USA Cup, auk ýmissa dagsmóta.

Samantekt um árangur yngri flokka

2. flokkur kvenna 2.fl kvk var með eitt lið í Íslandsmóttinu. Þær spiluðu 10 leiki og enduðu í 4.sæti í sinni deild. Þær tóku einnig þátt í Bikarkeppninni. Þjálfari liðsins var Aldís Ylfa Heimisdóttir

2. flokkur karla; 2.fl kk var með þrjú lið í Íslandsmóttinu. A1 liðið spilaði 9 leiki í B deild í lotu 1. Unnu þeir 7 leiki, gerðu 1 jafntefli og töpuðu einum leik og komust upp í A deild. Í lotu 2 og 3 spiluðu þeir 9 leiki og enduðu 8 sæti í lotu 2 og 6. sæti í lotu 3

Einnig tóku þeir þátt í Bikarkeppninni þar sem að þeir fóru alla leið í bikarúrslit á móti Breiðablik og unnu þann leik 3-2 og tryggðu sér bikarmeistaratilinn.

A2 liðið tók einnig þátt í lotukeppninni og spiluðu þar í C deild. Endaði liðið í 5 sæti í lotu 1 og 2 og 6.sæti í lotu 3. B lið endaði í 9.sæti í sínum riðli.

14 leikmenn í 2. flokki tóku þátt í leikjum Kára á Íslandsmóttinu í 3.deild í sumar þar sem Kári vann 3.deild karla sannfærandi

10 leikmenn tóku þátt í leikjum Skallagríms í 4.deildinni, þjálfarar flokksins voru Aron Ýmir Pétursson, Alexander Aron Davorsson og Andri Júlíusson. ÍA var skráð til leiks með sameiginlegt liði ÍA, Kára og Skallagríms.

3. flokkur kvenna; var með tvö lið í Íslandsmóttinu. A liðið var í lotukeppninni og B liðið í hefðbundnu Íslandsmótti. Í lotu 1 hjá A liðinu var spilað í B deild og enduðu þær í 3.sæti, lotu 2 í 1.sæti og komust upp um deild, í lotu 3 spiluðu þær í A deild og enduðu í 5.sæti. Einnig tók liðið þátt í Bikarkeppni. B liðið spilaði 10 leiki í sínum riðli og endaði í 6.sæti

Flokkurinn fór í vel heppnaða æfinga- og keppnisferð til Minneapolis á USA Cup. Þjálfarar flokksins voru Baldvin Ingimar Baldvinsson og Samira Suleman.

3. flokkur karla; sameiginlegt A lið ÍA og Skallagríms var með 3 lið í Íslandsmóttinu.

A lið - spilaði í 1.lotu í A deild og enduðu í 3.sæti, lotu 2 í A deild og lentu í 5.sæti, lotu 3 í A deild og enduðu í 3.sæti. A liðið komst í undanúrslit í Bikarkeppni og töpuðu þar á móti



Stjórnunni. B liðið vann sinn riðil og gerði sér síðan lítið fyrir og tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn eftir úrslitaleik á móti KR. C liðið vann einnig sinn riðill en datt út í undanúrslitaleik á móti Selfossi. 3.fl kk tók einnig þátt í ReyCup. Þjálfarar flokksins voru Elínbergur Sveinsson og Sigurður Jónsson.

4. flokkur kvenna; var með tvö lið í Íslandsmótinu og spiluðu bæði lið 14 leiki. A lið spilaði í C riðli og lenti í 5.sæti. C lið spilaði í C riðli og lenti í 3.sæti. Flokkurinn tók einnig þátt í ReyCup og spiluðu þar m.a. á móti stórliðinu Bayern Munchen. Þjálfarar flokksins voru Unnar Þór Garðarsson og Aron Ýmir Pétursson.

4. flokkur karla; sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms var með fjögur lið í Íslandsmótinu og spiluðu öll lið 14 leiki. A lið spilaði í A riðli og lenti í 6.sæti. Þeir spiluðu einnig í Bikarkeppninni. B lið lenti í 2.sæti í sínum riðli og fór í úrslitakeppni þar sem þeir duttu út í undanúrslitum á móti Þrótti. C lið lenti í 7.sæti í sínum riðli. D lið lenti í 8.sæti í sínum riðli. 4.fl keppti einnig á ReyCup og tóku 5 lið þátt í mótinu. Liðin stóðu sig frábærlega og endaði A liðið sem sigurvegari á mótinu eftir sigur á móti KA á Laugardalsvelli. Þjálfarar flokksins voru Björn Sólmar Valgeirsson, Sigurður Jónsson, Aron Ýmir Pétursson og Andri Júlíusson

5. flokkur kvenna; var með þrjú lið í Íslandsmótinu. A lið lenti í 11.sæti í sínum riðli. C lið lenti í 8.sæti í sínum riðli. D lið lenti í 2.sæti í sínum riðli. 5.fl.kvk fór á TM mótið í Eyjum með 3 lið og spilaði hvert lið 10 leiki þar. Þjálfarar flokksins voru Hjördís Brynjarsdóttir og Samira Suleman.

5. flokkur karla; var með 5 lið í Íslandsmótinu og spiluðu þar í B riðli. A lið endaði í 3 sæti í sínum riðli. B lið lenti í 4.sæti í sínum riðli. C lið lenti í 7.sæti í sínum riðli. D lið í 12 sæti og E liðið í 13.sæti. 5.fl.kk fór á N1 mótið með 5 lið og spilaði hvert lið 9 leiki. Þjálfarar flokksins voru Björn Sólmar Valgeirsson og Gísli Freyr Brynjarsson.

6. flokkur kvenna fór á Síamamótið og stóðu liðin sig vel. 6.fl.kvk yngra ár tók þátt í Norðurálmótinu sem gesta lið með tvö lið. Flokkurinn tók einnig þátt í dagsmótum. Þjálfarar flokksins voru Hjördís Brynjarsdóttir og Bryndís Rún Þórólfsdóttir.

6. flokkur karla; 6.fl kk eldri fór með 2 lið á Orkumótið, gekk vel og spiluðu liðin 10 leiki. 6.fl kk yngri fór á Set mótið Selfossi með 3 lið. Gekk vel og spilaði hvert lið 10 leiki. Flokkurinn tók einnig þátt í dagsmótum. Þjálfarar flokksins voru Skarphéðinn Magnússon, Björn Sólmar Valgeirsson og Gísli Freyr Brynjarsson

7. flokkur kvenna fór á Síamamótið í Kópavogi. Liðið - ÍA Sara Björk, lenti í 1.sæti og ÍA Glódís lenti í 3.sæti í sínum styrkleikaflokkum. 7.fl.kvk vann háttvísisverðlaun á mótinu. Flokkurinn tók þátt í Norðurálmótinu og var með 4 lið á mótinu, ekki er keppt til verðlauna þar og var mikil gleði á því móti, öll lið upplifðu sigra og töp og eru reynslunni ríkari. Flokkurinn tók einnig þátt í dagsmótum. Þjálfarar flokksins voru Bryndís Rún Þórólfsdóttir og Hjördís Brynjarsdóttir.

7. flokkur karla fór á Norðurálmótið með 8 lið – ekki er keppt til verðlauna þar og var mikil gleði á því móti, öll lið upplifðu sigra og töp og eru reynslunni ríkari. Flokkurinn fór einnig á Hamingjumót Víkings, Vormót Þróttar og TM mót Stjórnunnar. Þjálfarar flokksins voru Skarphéðinn Magnússon, Björn Sólmar Valgeirsson og Gísli Freyr Brynjarsson



8. flokkur karla og kvenna eldra ár, tóku þátt í Norðurálmóti og margir að stíga sín fyrstu skref í keppnum. Þjálfarar flokksins voru Gísli Freyr Brynjarsson og Hjördís Brynjarsdóttir.

Félagið leggur sig fram um að félagsstarfið sé gott og að iðkendur séu ánægðir, hafi gaman að spila fótbolta og fái verkefni við hæfi.

Öllum krökkunum og öllum þeim sem að starfinu koma er þakkað fyrir frábært samstarf á árinu.

Fjöldi iðkenda

Eftirfarandi töflur sýnir fjölda iðkenda í yngri flokkum í lok árs 2024 hjá Knattspyrnufélagi ÍA og samanburð síðustu ára:

Flokkur KK	2024 Nóv	2024 maí	2023	2022	2021	Munur milli ára
2 flokkur	56	54	52	51	41	4
3 flokkur	54	56	42	47	54	12
4 flokkur	68	66	72	55	47	-4
5 flokkur	43	47	47	52	60	-4
6 flokkur	43	42	45	45	45	-2
7 flokkur	63	52	49	45	47	14
8 flokkur	34	55	42	70	48	-8
Samtals	361	372	349	365	342	12

Flokkur KvK	2024 Nóv	2024 maí	2023	2022	2021	Munur milli ára
2 flokkur	25	15	16	12	12	9
3 flokkur	39	24	25	18	15	14
4 flokkur	41	30	30	32	31	11
5 flokkur	32	30	29	31	23	3
6 flokkur	35	37	33	32	22	2
7 flokkur	25	25	23	22	25	2
8 flokkur	18	19	19	14	17	-1
Samtals	215	180	175	161	145	40

Samtals iðkendur	576	552	524	526	487	28
-------------------------	-----	-----	-----	-----	-----	----



Donna- og Stínubikarinn

Á hverju ári eru verðlaun veitt einstaklingum í 3.flokki vegna framúrskarandi árangurs sem og að vera fyrirmyndar einstaklingur á öllum sviðum félagsins.

Donnbikarinn er afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka karla og var fyrst afhentur árið 1983. Donna bikarinn var gefinn af fjölskyldu Donna, sem hét fullu nafni Halldór Sigurbjörnsson, en hann var burðarás í fyrsta Gullaldarliði Skagamanna. Hann lék 110 leiki fyrir Skagamenn og skoraði 40 mörk, en einnig lék hann 8 landsleiki fyrir Íslands hönd.

Gabriel Snær Gunnarsson hlaut Donnabikarinn árið 2024.

Stínubikarinn er afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka kvenna og var fyrst afhentur árið 2015. Stínubikarinn er nefndur í höfuðið á Kristínu Aðalsteinsdóttur, Stínu, sem er fyrsta landsliðskona ÍA. Kristín var burðarás í liði ÍA í kringum 1980 og lék sinn fyrsta landsleik árið 1981 og alls 3 landsleiki á árunum 1981-1982. Stínubikarinn á að vera hvatning til ungra stelpna að stefna hátt og vinna sér sæti í meistaraflokki ÍA og landsliðinu eins og Stína gerði á sínum tíma. Gefandi bikarsins er fyrirtækið Þorgeir og Ellert hf.

Sunna Rún Sigurðardóttir hlaut Stínubikarinn árið 2024.

Norðurálmótið 2024

Norðurálmótið var haldið í 39. sinn á Akranesi dagana 20.-23.júní. Mótið hófst með keppni í 8. flokki barna. Föstudaginn 21. júní var mótið sett formlega með skruðgöngu og setningu. 7. flokkur barna keppti frá 21. – 23.júní og var þetta í annað skipti sem 7. flokkur stúlkna tók þátt í mótinu. Alls tóku þátt um 2.000 börn í Norðurálmótinu í ár, mótið er eitt það fjölmennasta á Íslandi.

Norðurálmótið er skipulagt á forsendum iðkenda, með það í huga að allir séu með í leiknum til að skapa jákvæða og skemmtilega upplifun barna sem eru að stíga sín fyrstu skref í fótbolta.

Viðburði eins og Norðurálmótið er ekki hægt að halda nema með öllu því góða fólki sem leggur á sig mikla vinnu svo þetta fari sem best fram. Ekki má gleyma styrktaraðilum sem leika mikilvæg hlutverk en fyrirtækið Norðurál er aðalstyrktaraðili mótsins eins og nafnið gefur til kynna.





Meistaraflokkur karla



Meistaraflokkur karla lék í Bestu deildinni sumarið 2024 og enduði í 5. sæti deildarinnar. Á síðustu leiktíð spilaði liðið 32 keppnisleiki í Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og Bestu deildinni. Þjálfari liðsins var Jón Þór Hauksson, Dean Martin er aðstoðar- og styrktarþjálfari, markmannspjálfi Þorsteinn Magnússon, sjúkráþjálfari Mario Majic, liðsstjóri Teitur Pétursson.

Meistaraflokkur kvenna



Meistaraflokkur kvenna spilaði í Lengjudeildinni sumarið 2024 og lauk keppni í 5. sæti. Á síðustu leiktíð spilaði liðið 26 keppnisleiki í Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og Lengjudeildinni. Þjálfari liðsins var Skarphéðinn Magnússon, Aldís Ylfa Heimisdóttir aðstoðarþjálfari, Þorsteinn Magnússon markmannspjálfi, sjúkráþjálfari Eva María Jónsdóttir og liðsstjóri var Dagný Halldórsdóttir.



Landsliðsverkefni

Fulltrúar Knattspyrnufélags ÍA í landsliðsverkefnum 2024

Nadía Steinunn Elíasdóttir - U15 UEFA development tournament á Englandi 20. – 26. nóvember

Aron Kristinn Zumbergs - U15 UEFA development tournament í Búlgaríu 17. – 23. október

Sunna Rún Sigurðardóttir - milliriðill Evrópumóts U17 í Portúgal 19. – 28. febrúar, UEFA mót á Norður Írlandi 9. – 16. mars U16, Norðurlandamót í Finnlandi 30. júní – 8. júlí, U17 Evrópukeppni í Skotlandi 29. september – 8. október

Vala María Sturludóttir - U16 UEFA mót á Norður Írlandi 9. – 16. mars

Gabriel Snær Gunnarsson - U16 UEFA Development mót í Gíbraltar 12. – 20. mars, U17 Telki Cup 12. – 18. ágúst í Ungverjalandi, U17 Undankeppni EM 2025 30. október – 5. nóvember

Styrmir Jóhann Ellertsson - U16 UEFA Development mót í Gíbraltar 12. – 20. mars, U17 Telki Cup 12. – 18. ágúst í Ungverjalandi, U17 Undankeppni EM 2025 30. október – 5. nóvember

Birkir Hrafn Samúelsson - U16 - UEFA Development mót í Gíbraltar 12. – 20. mars, U17 Telki Cup 12. – 18. ágúst í Ungverjalandi, U17 Undankeppni EM 2025 30. október – 5. nóvember

Jón Breki Guðmundsson - U17 Telki Cup 12. – 18. ágúst í Ungverjalandi, U17 Undankeppni EM 2025 30. október – 5. nóvember

Hinrik Harðarsson - U20 Vináttuleikir við Ungverjaland í mars

Jón Gísli Eyland Gíslason - U21 Leikir á móti Danmörku og Wales

Oliver Stefánsson - U21 leikir á móti Litháen og Danmörku

Haukur Andri Haraldsson - U21 æfingaleikur við Pólland 16. nóvember

Einnig á félagið fulltrúa sem hafa verið að spila fyrir önnur landslið Íslands sem spila nú með erlendum félögum:

Arnór Sigurðsson - Blackburn - Daniel Ingi Jóhannesson - Nordsjælland

Hákon Arnar Haraldsson - Lille - Ísak Bergmann Jóhannesson - Fortuna Dusseldorf

Stefán Teitur Þórðarson - Preston



Dómarar og dómgæsla

Áfram á Knattspyrnudómarafélag Akraness (KDA) dómara og eftirlitsmenn í fremstu röð á landinu. Á árinu 2024 störfuðu 15 dómarar og eftirlitsmenn fyrir hönd KDA í leikjum á vegum KFÍA, KSÍ og UEFA.

Ívar Orri Kristjánsson og Egill Guðvarður Guðlaugsson eru áfram á FIFA lista yfir dómara og aðstoðardómara og fastagestir bæði í Bestu deild karla og fyrir utan landsteinana. Þórður Þorsteinn Þórðarson hefur sömuleiðis komið reglulega við sögu í efstu deildum landsins. KDA eignaðist nýjan Landsdómara á liðnu ári en Arnþór Helgi Gíslason var hækkaður upp af Dómaranefnd KSÍ, en Landsdómarahópur KSÍ er hópur bestu dómara landsins.

Ívar Orri og Egill dæmdu báðir leiki í undankeppni Sambandsdeildar Evrópu sem og í UEFA Youth League þar sem að Egill dæmði til að mynda leiki hjá unglingaliðum Paris Saint Germain og Manchester United á meðan Ívar dæmði til dæmis hjá U21-landslíði Hollands gegn Norður Makedóníu. Þórður dæmði fjölmarga leiki í Lengjudeild Karla á árinu ásamt því að hafa flautað leiki í Bestu deild karla ásamt úrslitakeppninni.

Eftirlitsmenn frá KDA eru tveir, þeir Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, sem situr í dómaranefnd KSÍ og situr áfram í Aðalstjórn KSÍ og Ólafur Ingi Guðmundsson.

Aðrir sem komu að mikilvægum störfum í leikjum KSÍ og KFÍA voru: Daniel Victor Herwigsson, Elvar Smári Arnarsson, Gilmar Þór Benediktsson, Guðmundur Valgeirsson, Helgi Sigurðsson, Jóhann Pétur Pétursson, Mikael Ívan Axelsson, Ragnar Heimir Gunnarsson og Uchechukwu Michael Eze."

Samfélagsmiðlar félagsins

Heimasíða félagsins (www.kfia.is), fésbókarsíða, Instagram og Twitter eru mikilvægir miðlar til að koma upplýsingum um starfið til fjölmargra áhugasamra dag hvern. Stöðugt er unnið að því að gera betur við miðlun upplýsinga til stuðningsmanna og samfélagsins í heild.

Heimasíða Norðurlásmótsins er www.norduralsmot.is. Einnig er fésbókarsíða, þar sem upplýsingum er miðlað til þátttakenda í mótinu.



Styrktaraðilar

Alls eru þeir lögaðilar sem styrkja Knattspyrnufélag ÍA með ómetanlegum hætti um 60 talsins en þeir 16 stærstu eru eftirtaldir:

Akraneskaupstaður	Norðurál ehf.
Brim hf.	Byggingafélagið Bestla ehf.
Elkem Ísland ehf.	Bónus
Íslandsbanki hf.	Flóki invest ehf.
Norðanfiskur ehf.	Olíuverslun Íslands hf.
Höldur - Bílaleiga Akureyrar	Ritari
Margt Smátt	Sterkir Skagamenn
Sjóvá Almennar	Ölgerðin

Hópurinn Sterkir Skagamenn, sem stofnaður var vorið 2018, lagði félaginu til allar sínar tekjur en þeirra var aflað með árgjaldi. Sterkir Skagamenn hittast í fundarsalnum á Jaðarsbökkum fyrir heimaleiki til að spjalla og styðja liðið.



Aðalfundur og viðurkenningar 2024

Aðalfundur Knattspyrnufélags ÍA var haldinn þann 20. febrúar 2024 og var um hefðbundin aðalfundarstörf að ræða.

Á aðalfundinum veitti Knattspyrnufélag ÍA eftirtöldum heiðursviðurkenningar félagsins:

Heiðursviðurkenning KFÍA:

Áslaug Ákadóttir

Áslaug hóf ung að leika knattspyrnu fyrir ÍA og varð síðar einn af lykilleikmönnum liðsins um árabíl. Hún sýndi snemma mikla knattspyrnuhæfileika og var áberandi upp alla yngri flokkana. Áslaug varð Íslandsmeistari með 2. og 3.flokki og lék hún sinn fyrsta meistaraflokksleik með ÍA árið 1993 og varð hún bikarmeistari með liðinu það sama ár. Áslaug lék 149 leiki og skoraði 98 mörk fyrir ÍA. Hún var fasta maður í yngri landsliðum Íslands, þar af spilaði hún 8 leiki með U 21 árs liðinu.

Áslaug hefur einnig starfað fyrir félagið sem þjálfari yngri flokka ásamt því að hafa setið í stjórnnum og ráðum á vegum félagsins.

Skemmtilegt að segja frá því að myndin er af þeim mæðgum, Áslaugu og Bryndísi Rún frá árinu 2014 þar sem þær tóku báðar þátt í leik í Lengjubíkar og svo síðar sama ár í leik í Pepsi deildinni þar sem Áslaug kom inná fyrir Bryndísi. Það er sönn ánægja að veita Áslaugu heiðursviðurkenningu KFÍA og þakka Áslaugu fyrir hennar framlag til Knattspyrnufélags ÍA.

Heiðursmerki KFÍA - Gull:

Guðjón Þórðarson

Guðjón Þórðarson hlaut gullmerki fyrir frábært framlag hans til knattspyrnunnar á Akranesi. Guðjón er margfaldur Íslands- og bikarmeistari með ÍA sem leikmaður og þjálfari. Hann lék 392 leiki og skoraði 16 mörk ásamt því að þjálfað liðið til margra ára með frábærum árangri. Eins og allir vita þá kom Guðjón liðinu upp úr 1.deild árið 1991 og gerði liðið að Íslandsmeisturum árið eftir, sem má teljast einstakt afrek. Lið ÍA frá árinu 1993 var svo á dögnum valið besta lið síðustu 40 ára í íslenskri knattspyrnu á Vísi, lið sem gjörsigraði Íslandsmótið og sigraði einnig bikarkeppnina sama ár og var liðið kallað í grein á Vísi "hinir ósnertanlegu". Á listanum á Guðjón tvö ÍA lið á topp 10 en liðið frá 1996 var einnig á listanum, sem varð einnig tvöfaldur meistari.

Guðjón hefur staðið öðrum þjálfurum frammar á Íslandi í áraraðir og þótti brautryðjandi í þjálfun. Hann hefur sýnt árangur sem erfitt er að leika eftir. Það er sannur heiður að heiðra Guðjón með gullmerki fyrir hans frábæra framlag til knattspyrnunnar á Akranesi.